

Alþingi
Erindi nr. P 139/936
komudagur 11.12.2010



Félag Íslenskra Félagsliða
Stofnað 10. apríl 2003

Fyrir hönd félagsmanna Félag íslenskra félagsliða sem eru félagsmenn í SFR, styður félagið umsögn SFR – stéttarfélags sem hér fer á eftir;

Umsögn SFR-stéttarfélags í almannajónustu

Um þingmál nr. 301 - frumvarp um kjarasamninga opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna

Umsögn um frumvarp um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

SFR-stéttarfélag í almannajónustu hefur innan sinna vébanda um 6500 félagsmenn. Gert er ráð fyrir að um 1200 félagsmenn SFR sem starfa í málaflokki fatlaðra flytjist til nýs atvinnurekanda með breytingum á lögnum um málefni fatlaðra. Stærsti hluti þessara félagsmanna eru stuðningsfulltrúar og félagsliðar. Nokkrir félagsmenn starfa síðan innan stjórnýslunnar í málaflokknum. Bæði stuðningsfulltrúar og félagsliðar hafa með sér sérstök fagfélög sem halda utan um fagleg málefni þessara starfsmanna.

Í þeirri samræðu sem átt hefur sér stað við fjármálaráðuneytið og félagsmála- og tryggingaráðuneytið um stéttarfélagsaðild og breytingu á lögnum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hefur félagið gert þá ýtrustu kröfu að núverandi og verðandi starfsmenn í Félagi stuðningsfulltrúa og Félagi félagsliða væri tryggð stéttarfélagsaðild innan vébanda SFR.

Sem málamiðlun hefur félagið lagt fram tvær tillögur.

1. Að breyting á lögnum um kjarasamninga opinberra starfsmanna væri gerð með sama hætti og gert var 1989 og 1990, þegar verkefni heilbrigðisstofnana voru flutt frá sveitarfélögnum til ríkisins. Breytingin þá var efnislega á þann veg að félagsmenn viðkomandi bæjastarfsmannafélaga gátu valið hvort þeir væru áfram í viðkomandi félagi, eða flyttu sig yfir í félag ríkisstarfsmanna (SFR). Svo var búið um hnúta að nýir starfsmenn hefðu einnig þetta val.

Tillaga SFR um breytingar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hljóðar því svo:

Við 6. gr. bætast fjórar nýjar málsgreinar, 9., 10., 11. og 12. mgr., er orðist svo:

Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi félögum ríkisstarfsmanna og gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 á grundvelli laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. xx/xxxx, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við hlutaðeigandi sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga.

Starfsmenn, sem koma til starfa eftir 1. janúar 2011, í þau störf sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. xx/xxxx, taka til, skulu jafnframt eiga val um hvort þeir verði félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða hvort þeir óska að tilheyra því félagi ríkisstarfsmanna sem haft hefur samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn áður en framangreind lög um breytta verkaskiptingu tóku gildi.

Hlutaðeigandi félag ríkisstarfsmanna skal hafa tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi fyrir 15. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 15. janúar 2011, hvaða starfsmenn það eru sem það fer með samningsumboð fyrir gagnvart sveitarfélaginu á grundvelli þessara laga.

Hlutaðeigandi félag ríkisstarfsmanna hefur því aðeins samningsumboð gagnvart sveitarfélagi, skv. 9. og 10. mgr. þessarar greinar að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt samkvæmt 11. mgr. þessarar greinar.

2. Ef ekki verði fallist á framangreinda tillögu, sem að áliti SFR tryggir jafnræði milli starfsmanna og einnig á milli stéttarfélaga, þá leggur félagið til að breytingin á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerð var 1990, verði samræmd við þá breytingu sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir. Samræmingin væri þá fólgin í því að nýir starfsmenn, sem hefja störf við heilbrigðisstofnanir og hafa átt möguleikann að velja um hvort viðkomandi gerist félagsmaður í viðkomandi bæjarstarfsmannafélagi eða ríkisstarfsmanna félagi (SFR), eigi þá ekki þann möguleika eftir 1. janúar 2011.


Tillaga SFR til vara um breytingar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hljóðar því svo:

Í 6. gr. laga 94/1986 verða breytingar á 5. og 6. mgr. er orðist svo:

Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum og gerðust ríkisstarfsmenn á tímabilinu 1. nóvember 1990 til 31. desember 2010 á grundvelli laga nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við ríkið.

Starfsmenn, sem falla undir lög þessi og koma til starfa 1. janúar 2011 eða síðar í þau störf sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, tóku til, skulu verða félagsmenn í því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samkvæmt lögum þessum samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn.

Virðingarfyllst fyrir Félags íslenskra félagsliða


Jóhannes A. Levy
formaður